

Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Tímabil október - desember 2019

Fjármagnstekjuskattur er 22%

Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfa-fyrirtækjum, verðbréfamiðlum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Sundurliðun upplýsinga

Skilaskyldum aðilum ber að gera sundurliðaða grein fyrir fjármagnstekjum og afdreginni staðgreiðslu á hverjum ársfjórðungi. Sundurliðun vegna fjórða ársfjórðungs ársins 2019 skal gerð við skil með eindaga í febrúar. Á sundurliðuninni þurfa að koma fram kennitölur og nöfn allra skattaðila (rétthafa). Ef um erlendan rétthafa er að ræða með takmarkaða skattskyldu skal gera skil mánaðarlega og þarf nafn og skattkennitala (TIN) að koma fram.

Skiladagur

Gjaldlagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á fjórða ársfjórðungi 2019 er 20. janúar 2020 en eindagi er 4. febrúar. Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.

Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð.

Næsti skiladagur

Næsti gjaldlagi er 20. apríl 2020 vegna tekna á ársfjórðungnum janúar - mars og eindagi 5. maí 2020.

Ríkisskattstjóri vill vekja athygli á því að frá og með 1. janúar 2020 ber að skila fjármagnstekjuskatti af tilteknum höfundarréttargreiðslum til einstaklinga í stað almennrar staðgreiðslu, sbr. ákvæði laga nr. 111/2019 og reglugerð nr. 1245/2019.

Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Á þjónustusiðu ríkisskattstjóra, *skattur.is*, eru gerð full skil á fjármagnstekjuskatti.

Undir liðnum *Vefskil* er valið *Staðgreiðsla* fjármagnstekjuskatts, og svo valið að skrá skilagrein.

Bæði er hægt að nota aðalveflykil og skilalykil. Þegar skilagrein hefur verið send rafrænt verður til krafa í heimabanka gjaldanda.

Stofnist ekki krafa í heimabanka er greitt með OCR-rönd, sem finna má á kvittun fyrir sendingunni, AB-gíró eða gírógreiðslu í heimabanka.

Skila skal núllskýrslu þrátt fyrir að engar skattskyldar greiðslur hafi átt sér stað á tímabilinu.